



## FJÖLMIÐLANEFND

28. maí 2019  
Álit nr. 4/2019

**Brot Ríkisútvarpsins ohf. á reglum um hlutfall viðskiptaboða innan hvernar klukkustundar á úrslitakvöldi Söngvakeppninnar sem sýnt var í beinni útsendingu á RÚV þann 2. mars 2019.**

### I. Kvörtun og málsatvik

#### 1. Kvörtun

Þann 3. mars 2019 barst fjölmiðlanefnd kvörtun með tölvupósti frá Magnúsi Ragnarssyni f.h. Símans hf. (hér eftir Síminn) þar sem fram kom að kvartandi teldi Ríkisútvarpið ohf. (hér eftir Ríkisútvarpið) hafa brotið gegn ákvæði 4. mgr. 7. gr. laga nr. 23/2013 um Ríkisútvarpið (hér eftir lög um Ríkisútvarpið) um hlutfall viðskiptaboða innan hvernar klukkustundar á úrslitakvöldi Söngvakeppninnar sem sýnt var á RÚV laugardaginn 2. mars 2019 kl. 19:45. Að mati kvartanda var hlutfallið umfram það leyfilega hámark sem ákvæðið tilgreinir.

Í bréfinu kemur fram að kvartandi telji að Ríkisútvarpið hafi gerst brotlegt á klukkustundinni milli 21:00 og 22:00. Að mati kvartanda hafi auglýsingahlé verið frá kl. 21:00:00-21:01:37, kl. 21:20:24-21:23:30 og kl. 21:51:55-21:55:40. Samtals hafi þetta verið 9 mínútur og 28 sekúndur, samkvæmt útreikningum kvartanda eða 1 mínúta og 28 sekúndur yfir heimild Ríkisútvarpsins samkvæmt lögum.

Þá segir einnig í bréfinu:

*„Nú er skýringin líklega sú að viðvaningsleg vinnubrögð og tafir við útsendinguna ollu því að fyrsta auglýsingahólfíð lak inná umrædda klukkustund en það er engin vörn í málinu enda framleiðendum í lófa lagið að stytta hólfín sem fylgdu. Það gerðu þeir*



## FJÖLMIÐLANEFND

*hinsvegar ekki og niðurstaðan er enn eitt dæmið um hvernig auglýsingasalan stýrir dagskrárgerð og stofnunin svífst einskis þegar kemur að lögbrotum. Líklega þar sem sektir reynast alltaf lægri en ávinningurinn.“*

Loks sagði í bréfinu:

*Undiritaður óskar eftir að fjölmiðlanefnd rannsaki þessa hegðun ríkisstofnunarinnar og beiti hámarks viðurlögum ef stofnunin reynist hafa brotið lög. Vinsamlegast staðfestið móttöku þessarar kæru.*

Í ljósi þessarar kröfu mat fjölmiðlanefnd það svo að um formlega kvörtun samkvæmt 2. mgr. 3. gr. starfsreglna fjölmiðlanefndar væri að ræða.

### 2. Málsvik

Úrslitakvöld Söngvakeppninnar 2019 var haldið laugardagskvöldið 2. mars 2019 og sýnt í beinni útsendingu á RÚV. Þátturinn er aðgengilegur í spilara Ríkisútvarpsins. Í lýsingu þáttarins á vef RÚV segir:

*Bein útsending frá úrslitum Söngvakeppninnar 2019 í Laugardalshöll. Í kvöld ræðst hvaða lag fer fyrir Íslands hönd í Eurovision í Tel Aviv.*

Útsending úrslitakvöldsins hófst kl. 19:45 samkvæmt vefsíðu RÚV og var um 2 klukkustundir, 33 mínútur og 53 sekúndur að lengd.

Ríkisútvarpið hefur staðfest að auglýsingahlé umrætt kvöld á klukkustundinni milli 21:00 og 22:00 hafi verið frá kl. 21:00:00-21:01:37, kl. 21:20:24-21:23:30 og kl. 21:51:55-21:55:40. Lengd þeirra hafi því verið sem hér segir:

Auglýsingahlé milli kl. 21:00 og 22:00	Lengd
21:00:00-21:01:37	00:01:37
21:20:24-21:23:30	00:03:06
21:51:55-21:55:40	00:03:45

Í heildina hafi lengd auglýsingahlés verið 8 mínútur og 28 sekúndur.



## FJÖLMÍÐLANEFND

### II. Málsmeðferð og sjónarmið málsaðila

#### 1.

Í bréfi fjölmiðlanefndar til útvarpsstjóra, þann 4. mars sl., var óskað eftir sjónarmiðum og upplýsingum Ríkisútvarpsins um nefndan úrslitaþátt Söngvakeppninnar. Meðfylgjandi var kvörtun Magnúsar Ragnarssonar f.h. Símans, dags. 3. mars 2019.

#### 2.

Með bréfi Ríkisútvarpsins, dags. 5. mars 2019, bárust svör við bréfi nefndarinnar. Fram kom að Söngvakeppnin væri einn stærsti og flóknasti sjónvarpsviðburður á Íslandi. Við útsendingu úrslitakvöldsins þann 2. mars sl. hafi auglýsingatími sem senda átti út kl. 20:53 ekki farið í loftið fyrr en kl. 20:58. Þessa seinkun hafi mátt rekja til hljóðtruflana í hinu svokallaða „græna herbergi“ keppninnar og fleiri ástæðna. Hafi þetta leitt til þess að 1 mínúta og 37 sekúndur af auglýsingatíma, sem birtast átti milli kl. 20:00 og 21:00, hafi farið yfir á næstu klukkustund útsendingar, þ.e. milli kl. 21:00 og 22:00. Hafi athygli útvarpsstjóra Ríkisútvarpsins verið vakin á þessu og þeim tilmælum beint til útsendingarstjóra að hliðra öðru til í útsendingunni þannig að síðasti auglýsingatími hennar myndi ekki hefjast fyrr en kl. 21:57. Því miður hafi útsendingarstjórar misskilið tilmælin og talið að auglýsingatíminn þyrfti að komast í loftið fyrir kl. 21:57. Vegna þess misskilnings hafi auglýsingatíminn farið í loftið kl. 21:52. Í þessu máli hafi því verið um mannleg mistök að ræða sem allir sem að því komu harmi.

Ríkisútvarpið staðfesti að upplýsingar, í bréfi sem sent var f.h. Símans dags. 3. mars sl., varðandi tímamælingar á auglýsingahléum laugardagskvöldið 2. mars sl. væru réttar hvað varðaði einstaka tíma. Ríkisútvarpið vefengdi hins vegar útreikninga kvartanda sem teldi að samanlögð lengd auglýsinga hafi verið 9 mínútur og 28 sekúndur á klukkustundinni milli kl. 21:00 og 22:00. Samkvæmt Ríkisútvarpinu hafi heildarlengd auglýsinga á umræddu tímabili verið 8 mínútur og 28 sekúndur eða 28 sekúndum yfir leyfileg mörk. Kvaðst Ríkisútvarpið harma þau mistök.

Enn fremur kom fram í svari Ríkisútvarpsins að umrætt mál hafi verið tekið fyrir á innanhúss fundum mánudaginn 4. mars sl., enda tæki Ríkisútvarpið reglur um auglýsingahlutfall mjög alvarlega. Þegar væri búið að uppfæra ferla til að tryggja að samskonar mistök endurtaki sig ekki. Markmið þeirra væri m.a. að auka eftirlit aðalstjórnar með Söngvakeppninni og auka



## FJÖLMIÐLANEFND

upplýsingaflæði milli stjórnarinnar og stjórnenda útsendingar. RÚV hefði engan tekjuávinning haft af því að auglýsingarnar hefðu farið í loftið með þessum hætti.

Meðfylgjandi í svarbréfi Ríkisútvarpsins var skráning frá útsendingarstjórn þar sem kom fram að þrátt fyrir skýr fyrirmæli um annað hafi auglýsingatími fyrir mistök farið í loftið fyrir kl. 21:57:00 umrætt kvöld.

### 3.

Á fundi fjölmiðlanefndar 2. apríl 2019 voru svör Ríkisútvarpsins kynnt fyrir nefndarmönnum. Var samþykkt að taka málið til efnislegrar meðferðar og gefa Ríkisútvarpinu færi á að veita frekari andsvör.

Þann 2. maí 2019 sendi fjölmiðlanefnd Ríkisútvarpinu frummat nefndarinnar vegna málsins. Þar kom fram að nefndin teldi að með birtingu viðskiptaboða umfram leyfilegt hámark á klukkustundinni milli 21:00 og 22:00 í úrslitabætti Söngvakeppninnar 2019 sem sýndur var í beinni útsendingu á RÚV 2. mars sl. hafi Ríkisútvarpið brotið gegn 4. mgr. 7. gr. laga um Ríkisútvarpið. Frummat fjölmiðlanefndar byggðist á upplýsingum sem komu fram í bréfi kvartanda og Ríkisútvarpið staðfesti fyrir utan útreikninga kvartanda á samanlagðri lengd auglýsinga á umræddri klukkustund. Út frá uppgefnum upplýsingum tók fjölmiðlanefnd undir með Ríkisútvarpinu að samanlögð lengd auglýsinga hafi verið 8 mínútur og 28 sekúndur en ekki 9 mínútur og 28 sekúndur milli kl. 21:00 og 22:00. Þar með væri ljóst að hlutfall viðskiptaboða innan hvernar klukkustundar var 28 sekúndur umfram það leyfilega hámark sem kveðið væri á um í 4. mgr. 7. gr. laga um Ríkisútvarpið.

Í frummatinu benti fjölmiðlanefnd á að samkvæmt 1. mgr. 17. gr. laga um Ríkisútvarpið leggur fjölmiðlanefnd stjórnvaldssektir á Ríkisútvarpið vegna brota á ákvæði 7. gr. laganna. Þó má falla frá sektarákvörðun, sbr. 3. mgr. 17. gr., teljist brot óverulegt eða af öðrum ástæðum er ekki talin þörf á beitingu sekta. Í slíku tilfelli er fjölmiðlanefnd heimilt að ljúka málsmeðferð með útgáfu álits sem birt er á vefsíðu hennar.

Var Ríkisútvarpinu gefið færi á að koma frekari skýringum og sjónarmiðum vegna málsins á framfæri áður en komist yrði að niðurstöðu um hugsanlegt brot félagsins á 4. mgr. 7. gr. laga um Ríkisútvarpið. Þess var óskað að athugasemdir og sjónarmið Ríkisútvarpsins bærust fjölmiðlanefnd eigi síðar en 16. maí sl.



## FJÖLMIÐLANEFND

### 4.

Svar Ríkisútvarpsins barst fjölmiðlanefnd 16. maí 2019. Þar kom fram að Ríkisútvarpið hafi yfirfarið frummat fjölmiðlanefndar og geri í raun ekki athugasemdir við niðurstöðuna. Ríkisútvarpið vildi þó árétt að í umræddum úrslitaþætti Söngvakeppninnar 2019 hafi verið bókaðar auglýsingar í fyrri hluta útsendingarinnar, á klukkustundinni milli 20:00 og 21:00, að heildarlengd 6 mínútur og 55 sekúndur. Á klukkustundinni milli 21:00 og 22:00 hafi verið bókaðar auglýsingar að heildarlengd 6 mínútur og 51 sekúndur. Auglýsingahlutfallið hafi því verið áætlað meira en einni mínútu undir lögbundnum mörkum á hvorri klukkustund útsendingarinnar og því ljóst að RÚV hafði engan tekjuávinning af því að senda auglýsingarnar út með þeim hætti sem varð vegna mistaka í útsendingarstjórn. Með tilliti til framangreinds teldi Ríkisútvarpið að meðalhófssjónarmið leiði til þess að engin þörf sé á stjórnvaldssekt í málinu.

## III. Álit fjölmiðlanefndar

### 1.

Eftirlitshlutverk fjölmiðlanefndar á grundvelli laga um Ríkisútvarpið er með þeim hætti að nefndin hefur m.a. eftirlit með ákvæði 7. gr. laganna um viðskiptaboð. Fjölmiðlanefnd hefur heimild til að leggja á stjórnvaldssekt, eða ljúka málsmeðferð með birtingu álits, vegna brota á 7. gr. um viðskiptaboð, en þær heimildir taka ekki til brota á öðrum ákvæðum laga um Ríkisútvarpið en 7. gr.

Hugtakið viðskiptaboð er skýrt í 40. lið 1. mgr. 2. gr. laga um fjölmiðla nr. 38/2011 (hér eftir lög um fjölmiðla). Þar segir að viðskiptaboð séu texti, myndir og/eða hljóð sem er ætlað að vekja, beint eða óbeint, athygli á vörum, þjónustu eða ímynd lögaðila eða einstaklings sem stundar atvinnustarfsemi og er miðlað gegn greiðslu eða öðru endurgjaldi eða til kynningar í eigin þágu. Til viðskiptaboða teljast m.a. auglýsingar, kostun og vöruinnsetning.

Í 3. mgr. 7. gr. laga um Ríkisútvarpið kemur fram að Ríkisútvarpinu sé óheimilt að slíta í sundur dagskrárliði með viðskiptaboðum í sjónvarpi en þó megi víkja frá því við útsendingu íburðarmikilla dagskrárliða eða eigin framleiðslu sem er a.m.k. 60 mínútur að lengd. Ríkisútvarpið setur reglur um þau undanþágutilvik sem getið er í 1. másl., þ.e. hvað teljist til íburðarmikilla dagskrárliða eða eigin framleiðslu. Í 8. mgr. 7. gr. sömu laga segir að Ríkisútvarpið setji reglur um birtingu viðskiptaboða og kostun dagskrárefnis, þ.m.t. um rof á dagskrárefni vegna birtingar



## FJÖLMIÐLANEFND

viðskiptaboða, og skuli þær birtar á vef þess. Með skilmálum RÚV um auglýsingar setti Ríkisútvarpið slíkar reglur og eru þær aðgengilegar á vef félagsins. Söngvakeppnin telst til íburðarmikils dagskrárliðar samkvæmt skilgreiningu á slíkum dagskrárlið í 6. gr. í auglýsingareglum RÚV. Með vísan til 3. mgr. 7. gr. gerir fjölmiðlanefnd ekki athugasemdir við það að Ríkisútvarpið hafi slitið í sundur dagskrárliðinn úrslitakvöld Söngvakeppninnar 2019 sem sýndur var laugardagskvöldið 2. mars 2019 þar sem hann telst til íburðarmikils dagskrárliðar.

Í 4. mgr. 7. gr. laga um Ríkisútvarpið segir að við myndmiðlun skuli hlutfall viðskiptaboða og fjarkaupainnskota innan hvernar klukkustundar ekki fara yfir átta mínútur. Ákvæðið felur í sér undantekningu frá meginreglu laga um fjölmiðla um 12 mínútna hámark á hverri klukkustund, sbr. 2. mgr. 41. gr. laga um fjölmiðla.

### 2.

Ríkisútvarpið hefur staðfest að þær upplýsingar sem koma fram í bréfi kvartanda dags. 3. mars sl. varðandi tímamælingar á auglýsingahléum laugardagskvöldið 2. mars sl. hafi verið réttar hvað varðar einstaka tíma. Samkvæmt þeim upplýsingum voru gerð auglýsinghlé milli kl. 21:00 og 22:00 umrætt kvöld frá kl. 21:00:00-21:01:37, kl. 21:20:24-21:23:30 og kl. 21:51:55-21:55:40. Ríkisútvarpið vefengir hins vegar útreikninga kvartanda sem telur að samanlögð lengd auglýsinga hafi þar með verið 9 mínútur og 28 sekúndur milli kl. 21:00 og 22:00. Samkvæmt upplýsingum Ríkisútvarpsins var heildarlengd auglýsinga á umræddu tímabili 8 mínútur og 28 sekúndur. Út frá uppgefnum upplýsingum, sem komu fram í bréfi kvartanda og Ríkisútvarpið staðfesti, tekur fjölmiðlanefnd undir með Ríkisútvarpinu í þeim efnum. Því er ljóst að hlutfall viðskiptaboða innan hvernar klukkustundar var 28 sekúndur umfram það leyfilega hámark sem kveðið er á um í 4. mgr. 7. gr. laga um Ríkisútvarpið.

Að öllu framangreindu virtu er það álit fjölmiðlanefndar að með birtingu viðskiptaboða umfram leyfilegt hámark á klukkustundinni milli 21:00 og 22:00 í úrslitapætti Söngvakeppninnar 2019 sem sýndur var í beinni útsendingu á RÚV 2. mars sl. hafi Ríkisútvarpið brotið gegn 4. mgr. 7. gr. laga um Ríkisútvarpið.

Samkvæmt 1. mgr. 17. gr. laga um Ríkisútvarpið leggur fjölmiðlanefnd stjórnvaldssektir á Ríkisútvarpið vegna brota á ákvæði 7. gr. laganna. Þó má falla frá sektarákvörðun, sbr. 3. mgr. 17. gr., teljist brot óverulegt eða af öðrum ástæðum er ekki talin þörf á beitingu sekta. Í slíku tilfalli er fjölmiðlanefnd heimilt að ljúka málsmeðferð með útgáfu álits sem birt er á vefsíðu hennar.



## FJÖLMIÐLANEFND

Með vísan til þess málatilbúnaðar Ríkisútvarpsins að um mannleg og tæknileg mistök hafi verið að ræða sem allir sem að því komu harmi og að til úrræða hafi verið gripið sem tryggja eigi að samskonar mistök endurtaki sig ekki hefur fjölmiðlanefnd ákveðið að falla frá sektarákvörðun í málinu. Ber einnig í því tilliti að líta til þess hversu smávægilegt brot Ríkisútvarpsins er.

### 3.

**Álit fjölmiðlanefndar er að Ríkisútvarpið hafi brotið gegn 4. mgr. 7. gr. laga um Ríkisútvarpið með birtingu viðskiptaboða umfram leyfilegt hámark á klukkustundinni milli 21:00 og 22:00 í úrslitapætti Söngvakeppninnar 2019 sem sýndur var í beinni útsendingu á RÚV 2. mars 2019.**

Með vísan til 3. mgr. 17. gr. laga um Ríkisútvarpið er fallið frá ákvörðun um stjórnvaldssekt í máli þessu.

Hulda Árnadóttir

María Rún Bjarnadóttir

Finnur Beck

Róbert H. Haraldsson